

Fundargerð 2003

Sjóðfélagafundur Lífeyrissjóðs bankamanna

haldinn 10. apríl 2003 á Hótel Loftleiðum

Sjóðfélagafundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2002 var haldinn á Hótel Loftleiðum, Bíósal, fimmtudaginn 10. apríl 2003 kl. 17:15. Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, varaformaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Jakob R. Möller, hrl. lögmaður sjóðsins yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Jakob tók við stjórn fundarins og tilkynnti að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur. Þá óskaði hann eftir því að Árni Þór Þorbjörnsson lögmaður í Landsbankanum tæki að sér fundarritun.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2002.
- 2) Tryggingarfræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act.
- 3) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktar sjóðsins.

Dagskráin var eftirfarandi:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.
- 3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fjárfestingastefna sjóðsins.
- 5) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- 6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, varaformaður stjórnar reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári. Í stjórn sjóðsins á síðasta ári sátu Haukur Þór Haraldsson, Arnór Sighvatsson og Friðbert Traustason sem fulltrúar sjóðfélaga, Helgi S. Guðmundsson, tilnefndur af bankaráði Landsbanka Íslands hf., Ingvar Sigfússon, tilnefndur af bankaráði Seðlabanka Íslands og Haukur Helgason sem var tilnefndur af aðildarfyrirtækjum sjóðsins. Haukur fór úr stjórn á miðju árinu en í stað hans kom inn í stjórnina Sigurjón Þ. Árnason sem fulltrúi aðildarfyrirtækja. Starfsmenn sjóðsins eru Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri, Svana M. Símonardóttir fulltrúi og Anna Karlsdóttir ritari.

Stjórnarfundir á árinu voru haldnir einu sinni í mánuði og 135 dagskrármál voru tekin fyrir. Á árinu voru samþykktar alls 184 lánveitingar til sjóðsfélaga.

Mikilvægasta verkefni síðasta árs var að aðskilja deildir sjóðsins fjárhagslega og er því verki nú lokið.

Samningar við Landsbanka Verðbréfasvið og Búnaðarbanka Verðbréf voru endurskoðaðir og endurnýjaðir. Allir samningar voru unnir í samvinnu við Ráðgjöf og efnahagsspá ehf. og var fjárfestingastefnu m.a. breytt í samræmi við ráðleggingar þeirra.

Friðbert vék að því að nokkur dómsmál hefðu verið höfðuð gegn sjóðnum vegna réttinda sjóðsfélaga. Nauðsynlegt hefði verið að fá úrlausn dómstóla, þar sem niðurstöður málanna gætu haft veruleg áhrif á stöðu sjóðsins.

Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti hafa verið yfirfærð yfir á starfsmenn sjóðsins eins og lög kveða á um.

Hrein eign í hlutfallsdeild til greiðslu lífeyris lækkaði á árinu um 4 ma.kr. Greiðandi sjóðsfélögum hefur fækkað og greiddur lífeyrir hefur verið hærri en iðgjöld. Hvað varðar stigadeild hefur hrein eign til greiðslu lífeyris hækkað um 507 mkr. Í stigadeild hefur félögum fjölgað verulega eða um 800 frá árinu 1998 og er fjöldi greiðandi sjóðsfélaga í stigadeild nú 63%. Innborganir eru töluvert meiri en greiddur lífeyrir. Allir nýjir starfsmenn aðildarfélaga sjóðsins fara inn í þessa deild en hlutfallsdeildin er lokuð og í henni hefur inngreiðandi sjóðsfélögum fækkað um 25%. Hlutfallsdeildin er mjög viðkvæm fyrir fjárfestingastefnu og því þarf að aðlaga stefnuna að eðli deildarinnar. Stigadeildin er ekki eins viðkvæm.

Ávöxtun eigna sjóðsins á síðasta ári var neikvæð. Ávöxtun eigna í vörslu var neikvæð um 2,68%. U.þ.b. 85% eigna sjóðsins fylgja markaðsbreytingum. Einungis 12% eigna eru í erlendum gjaldmiðlum. Í samanburði við aðra sjóði sagði Friðbert að sjóðurinn væri í skárri lagi jafnvel þó svo ávöxtun væri neikvæð.

Friðbert tók sérstaklega fram að ekki væri alfarið hægt að kenna vörsluaðilum um neikvæða ávöxtun þar sem fjárfestingastefnan væri sett fram af stjórn sjóðsins og ákveðin í samvinnu við ráðgjafa; hún væri því á ábyrgð stjórnarinnar. Fjárfestingastefnan væri í stöðugri endurskoðun og endurnýjun til þess að sem bestur árangur næðist. Hins vegar væri ekki ráðlegt að hlaupa frá ákveðinni stefnu eftir því hvernig vindurinn blési. Stjórnin hefði þó tekið ákvörðun um að ný iðgjöld færu nær alfarið til að fjárfesta í sjóðfélagalánum og húsbrefum.

Hvorug deilda sjóðsins á eignir fyrir heildarskuldbindingum. Grípa þarf til aðgerða fyrir báðar deildir en hlutfallsdeildin er í alvarlegri stöðu og þarf sérstaklega að huga að henni. Launabreytingar geta haft veruleg áhrif á skuldbindingar hlutfallsdeildar.

Friðbert vék að lokum að þeim tillögum til breytinga á samþykktum sem fyrir fundinum liggja.

Að máli Friðberts loknu lagði fundarstjóri til að dagskrárliðir 2) og 3) yrðu sameinaðir og umfjöllun um ávöxtun eignasafns sjóðsins færi einnig fram undir þessum dagskrárlið og var ekki hreyft mótmælum við því.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins, yfirlit yfir ávöxtun &

3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins gerði því næst grein fyrir ársreikningi sjóðsins og fór yfir hann eftir hvorri deild fyrir sig. Sigtryggur fór yfir yfirlit um breytingar á hreinni eign sjóðsins árið 2002. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning sjóðsins.

Hrein eign hlutfallsdeildar lækkaði um 0,3% og raunávöxtunin var -0,73%. Hrein eign stigadeildar hækkaði hins vegar um 16,38% og raunávöxtun eigna deildarinnar var 0,35%. Þá gerði Sigtryggur grein fyrir efnahagsreikningi hvorrar deildar fyrir sig.

Að máli Sigtryggs loknu tilkynnti fundarstjóri að ekki yrði gengið til atkvæða um ársreikninginn fyrr en eftir að gerð hefði verið grein fyrir árangri fjárvörsluaðila og tryggingarfræðilegri úttekt sjóðsins sbr. lið 3) á dagskrá.

Þá tók til máls Yngvi Harðarson frá Ráðgjöf og efnahagsspá ehf. og gerði hann grein fyrir árangri fjárvörsluaðila á árinu 2003. Kom fram í máli Yngva að áhættustig vörslusafns beggja vörsluaðila væri minni en viðmið (flókt) og að árangur Landsbankans væri heldur skárri en Búnaðarbanka þó svo ekki væri mikill munur þar á.

Yngvi varpaði fram þeirri spurningu hvers vegna fjárvörsluaðilar hefðu ekki náð árangri þess viðmiðs sem notað var. Sagði hann að það skýrðist fyrst og fremst af því hvaða leiðir til ávöxtunar valdar hefðu verið. Stærsti hluti lakari ávöxtunar en viðmiðið segir til um skýrist af neikvæðri ávöxtun í erlendum gjaldmiðlum.

Þá tók til máls Bjarni Guðmundsson, tryggingarfræðingur sjóðsins en skýrsla hans lá fyrir fundinum. Bjarni benti fundarmönnum á að helstu niðurstöður úttektarinnar væri að finna í ársreikningi á bls. 13 og 23. Bjarni byrjaði á því að útskýra hvað fælist í tryggingarfræðilegri úttekt. Í meginatriðum væri verið að bera eignir sjóða saman við þær skuldbindingar sem á þeim hvíla. Slíka athugun ber að gera á hverju ári og væri hluti af því öryggiskerfi sem stjórnvöld hafa sett upp til verndar réttindum sjóðfélaga í íslenskum lífeyrissjóðum. Forsendur úttekta sem þessara er að finna í reglugerð sem sett er með stöð í lögum um lífeyrissjóði og sá sem úttektina gerir skal hafa sjálfstæði frá stjórn sjóðsins. Þá gerði Bjarni grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við úttektina.

Niðurstaða Bjarna var sú að staða hlutfallsdeildar sjóðsins er neikvæð um 8,7%. Það er þó undir þeim mörkum sem lög kveða á um að sjóðnum sé skylt að grípa til aðgerða. Hins vegar má ávöxtun sjóðsins

ekki vera undir 5% meira en 5 ár í röð án þess að grípa þurfi til aðgerða. Staða stigadeildar er heldur betri en þó neikvæð um 2,8%.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um skýrslu stjórnar, ársreikning sjóðsins, fjárvörslu og tryggingarfræðilega úttekt.

Júlíus Óskarsson bar fram þá spurningu hvers vegna 16% eigna hlutfallsdeildar væri í erlendum hlutabréfum en 12% í stigadeild þar sem þetta samræmdest ekki þeirri stefnu að varlegar þyrfti að fara með fjárfestingar hlutfallsdeildar.

Arnór Sighvatsson, stjórnarmaður tók að sér að svara þessari spurningu og sagði að ekki væri sjálfgefið að vægi erlendra bréfa á hverjum tíma í hvorri deild væri nákvæmlega jafnt hjá fjárvörsluaðilum. Þar að auki hefði fjárvörsluaðilum ekki verið afhent neitt nýtt fé til vörslu heldur hefði því verið varið til kaupa á innlendum skuldabréfum; sjóðfélagalánum og húsbréfum. Þar væri um greiðlur í stigadeildina að ræða en hlutfallsdeildin væri öll í vörslu fjárvörsluaðila.

Styrmir Bragason frá Landsbankanum benti á að flokkun í ársreikningi hefði af einhverjum ástæðum brenglast þannig að erlendir skuldabréfasjóðir væru flokkaðir sem erlendir hlutabréfasjóðir. Því væri samanburður út frá ársreikningunum ekki fyllilega marktækur hvað þetta varðaði.

Kjartan Sigurgeirsson bar fram þá spurningu hvernig sjóðfélagi í hlutfallsdeild gæti bjargað réttindum sínum sem honum virtust vera að fjara út og í framhaldi af því hvernig stjórn sjóðsins hyggðist bregðast við þessum vanda.

Friðbert Traustason sagði ljóst að grípa þyrfti til aðgerða á þessu ári. Hann var þó ekki svo svartsýnn að hann teldi rétt að segja að réttindin væru að fjara út. Stemma þyrfti stigu við aukningu áhættu í báðum deildum. Það væri engin leið að losna úr hlutfallsdeildinni öðruvísi en að hætta að starfa hjá aðildarfyrirtækjum eða fara í 1 árs launalaust leyfi.

Sigurður Thoroddsen spurði hvers vegna makalífeyrir væri einungis greiddur í 2. ár skv. samþykktum sjóðsins. Í kynningu við skiptingu sjóðsins í deildir hafi verið gert ráð fyrir að greiðsla makalífeyris væri ævilangur. Sigurður varpaði fram þeirri spurningu hvenær þessu hefði verið breytt og með hvaða hætti.

Friðbert Traustason sagði að þetta væri alveg rétt hjá Sigurði. Á árinu 1999 hafi verið farið í þá aðgerð að lækka makalífeyrir en hækka lífeyrir sjóðsfélaga. Þetta hafi verið samþykkt á sjóðsfélagafundi 1999.

Sigurður Thoroddsen benti á að skv. gögnum fundarins frá 1999, bæði fundarboði og fundargerð, væri ekki hægt að merkja að tillagan um makalífeyrinn hefði verið borin upp og samþykkt. Friðbert benti á að skv. hljóðupptöku af viðkomandi fundi væri ljóst að tillagan hefði verið borin upp munnlega og samþykkt. Hann ítrekaði þó að væri það lögfræðileg niðurstaða að ekki hefði verið staðið stjórnskipulega rétt að þessari breytingu þyrfti að bæta úr því hið fyrsta.

Björn Tryggvason benti á að ávöxtunarkrafan 3,5% ætti skv. ársreikningi að nægja til viðhalda réttindum í sjóðnum. Spurði Björn hvort það væri réttur skilningur að ef allt fé sjóðsin væri lagt á sparisjóðsbók með 7% vöxtum væri sjóðurinn í góðum málum.

Friðbert sagði 5–6% raunvexti duga vel fyrir stigadeildina en í hlutfalldeildinni væru launahækkanir stærsta vandamálið og sparisjóðsbókin því etv. ekki sú töfalausn sem við fyrstu sýn mætti ætla.

Guðríður Kristjánsdóttur beindi þeirri spurningu til fundarstjóra hvort heimilt væri að halda framhalds–sjóðfélagafund. Kvað fundarstjóri heimild til þess í samþykktum sjóðsins og hefði fundurinn það því á valdi sínu.

Þar sem ekki komu fram frekari spurningar eða umræður bar fundarstjóri því næst ársreikning sjóðsins upp til atkvæða og var hann samþykktur samhljóða.

4) Fjárfestingarstefna sjóðsins.

Til máls tók Arnór Sighvatsson stjórnarmaður. Sagði Arnór að sjóðurinn stæði nú frammi fyrir svipuðum vanda og aðrir lífeyrissjóðir víða um heim. Vandamálið væri allstaðar hið sama; hvernig væri unnt að ná hæfilegri ávöxtun til að standa undir skuldbindingum án þess að taka óhóflega áhættu. Hversu mikla áhættu er heppilegt að taka?

Svarið við sveiflum á markaði er að vera með dreift eignasafn til þess að lágmarka hættu á varanlegum töpum.

Hlutfallsdeild lífeyrissjóðs bankamanna er að mörgu leyti sérstök vegna þess að hún er lokuð. Þess vegna ákvað stjórn sjóðsins að breyta fjárfestingastefnu þeirrar deildar en jafnframt stigadeildarinnar. Megininntak þeirra breytinga hjá báðum deildum er að draga úr vægi erlendra skuldabréfa í heildarsafninu.

Til að bregðast við vanda hlutfallsdeildar verður reynt að bæta ávöxtun og hækka iðgjöld áður en gripið er til skerðingar. Unnt væri að ákveða að taka á sig það tap sem hefur myndast eða bíða eftir því að ávöxtunin taki við sér. Sögulega gefa hlutabréf betri ávöxtun en skuldabréf. Að baki er mesta lækkun á hlutabréfavísitölum í 60 ár. Ólíklegt er að slíkt endurtaki sig og staðreyndin er sú að eftir mikil fall kemur oft mikil hækkun. Með þetta í huga hefur stjórnin verið treg til þess að gera kúvendingu í fjárfestingarstefnunni. Horfur á erlendum mörkuðum eru þannig að heppilegra sé að bíða og betri tækifæri gefist til þess að draga úr erlendum eignum.

Niðurstaða Arnórs var sú að fullkomið öryggi í ávöxtun væri ekki til. Allar tilraunir til að bæta hana gætu leitt til hins gagnstæða. Skyndibreytingar á grundvelli nýlegrar reynslu gefa sjaldan góða raun. Sjóðstjórnin sjálf þarf að vera á varðbergi gagnvart óraunhæfri verðmyndun eigna. Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og eru íhaldssamir í eðli sínu. Draga þarf því úr erlendri áhættustöðu hlutfallsdeildar í litlum skrefum.

Orðið var því næst gefið laust um fjárfestingarstefnu sjóðsins. Kjartan Ingvarsson tók til máls og óskaði eftir því að Friðbert Traustason upplýsti hver hans persónulega skoðun væri á fjárfestingastefnu hlutfallsdeildar. Friðbert svaraði því til að hann væri auðvitað sammála stefnunni enda bæri hann ábyrgð á henni eins og aðrir stjórnarmenn.

5) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.

Neðangreindar tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins lágu fyrir fundinum og gerði Friðbert Traustason grein fyrir þeim:

1. 3. og 4. málslíður 2. gr. samþykktar verði:

Skal einn tilnefndur af Landsbanka Íslands, annar tilnefndur af Seðlabanka Íslands og þriðji kosinn af aðildarfyrirtækjum sjóðsins í atkvæðagreiðslu sbr. 7. gr. og þrír kjörnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins. Aðilar skulu tilnefna eða kjósa jafnmarga menn til vara. Skulu varamenn fulltrúa sjóðfélaga kjörnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanna í stjórn. Tilkynningar um framboð vegna stjórnarkjörs, ásamt upplýsingum um starfsferil, skulu berast skriflega til skrifstofu sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund.

Greinin öll yrði þá sem hér segir:

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna skv. 29. gr. laga nr. 129/1997. Skal hún skipuð sex mönnum. Skal einn tilnefndur af Landsbanka Íslands, annar tilnefndur af Seðlabanka Íslands og þriðji kosinn af aðildarfyrirtækjum sjóðsins í atkvæðagreiðslu sbr. 7. gr. og þrír kjörnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins. Aðilar skulu tilnefna eða kjósa jafnmarga menn til vara. Skulu varamenn fulltrúa sjóðfélaga kjörnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanna í stjórn. Tilkynningar um framboð vegna stjórnarkjörs, ásamt upplýsingum um starfsferil, skulu berast skriflega til skrifstofu sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund. Skipunartími stjórnarmanna er 2 ár. Heimilt er stjórninni að skipta með sér verkum. Um hæfi stjórnarmanna fer skv. 31. gr. laga nr. 129/1997.

2. Í 2. málsgrein (mgr.) 5. gr. breytist orðlag þannig, að í stað þess að upplýsingar til sjóðfélaga um greiðslur o.s.v.frv. skuli sendar fyrir 15. mars, komi: Fyrir lok mars.

3. og 3. málslíður 3. mgr. 5. gr. verði:

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem sjóðstjórnin velur, og tveimur skoðunarmönnum sem kosnir skulu á ársfundi sjóðsins. Skal endurskoðun reikninga sjóðsins lokið fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Sameiginlegum rekstrarkostnaði sjóðsins skal skipt milli deilda sjóðsins í hlutfalli við eignir þeirra.

4. Í 1. mgr. 6. gr. breytist orðið “sjóðfélagafundar/fundi” í “ársfundar/fundi” og við dagskrárliði bætist nýr liður:

i) Önnur mál.

5. 1. málslíður 1. mgr. 7. gr. taki mið af þeim breytingum, sem lagðar eru til við 2. og 5. gr. og verði:

Tillögur um breytingar á samþykktum þessum skulu hafa borist stjórn a.m.k. tveimur mánuðum fyrir ársfund og sendar sjóðfélögum fyrir lok mars.

6. 1. málslíður 2. mgr. 7. gr. taki mið af þegar gerðum breytingartillögum og verði:

Breytingar á samþykktum þessum skulu bornar undir atkvæði sjóðfélaga á ársfundi og hljóta samþykki meirihluta hans og staðfestar af meirihluta bankaráða og stjórnar aðildarfyrirtækja.

7. Við 12. gr. bætist ný málsgrein, 7. mgr., sem verði:

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur eða fyrr, þegar taka eftirlauna hefst.

8. 17. gr. verði sem hér segir:

Aðildarfyrirtæki Hlutfallsdeildar eru Landsbanki Íslands h.f., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Greiðslumiðlun h.f., og Lífeyrissjóður bankamanna. Hætti aðildarfyrirtæki greiðslum iðgjalda til Hlutfallsdeildar fellur niður aðild viðkomandi fyrirtækis að deildinni.

9. Fyrirsögn 18. gr. verði:

Iðgjöld til sjóðsins

10. 2. mgr. 19. gr. verði:

Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun í janúar 1998, kr. 77.905, skulu taka sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs sú sem Hagstofa Íslands auglýsir með heimild í IV. kafla laga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Vísitala þessi var í janúar 1998 181,4.

11. Í 4. mgr. 19. gr. falli niður lokaorðin “með jöfnum greiðslum” og málsgreinin verði:

Lífeyrir greiðist mánaðarlega fyrirfram.

12. Í 2. mgr. 21. gr. er leiðrétting á tilvísun til greinar og yrði málsgreinin:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti grundvallarlauna og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda viðkomandi samkvæmt 19.gr., margfölduðum með 1,6.

13. Í 3. mgr. 21. gr. er lögð til orðalagsbreyting og yrði málsgreinin:

Sá, sem er orðinn 65 ára en ekki 67 ára og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti, má hefja töku ellilífeyris. Upphæð ellilífeyris samkvæmt 2. mgr. lækkar þá um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem sjóðfélagi hefur töku lífeyris fyrir 67 ára aldur.

14. 8. mgr. 22. gr. verði:

Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 24. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélagi hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, launagreiðanda o.s.frv.

10. mgr. 22. gr. verði:

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur eða fyrr, þegaqr taka eftirlauna hefst.

15. 3. og 4. málslíður 24. gr. verði:

Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.842 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 181.4 stig.

16. Í 2. mgr. 25. gr. falli niður orðin “skv. 21. gr.”

17. I. Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Gaf fundarstjóri fundinum kost á að ræða fyrirbyggjandi tillögur.

Nokkrar fyrirspurnir voru bornar upp og var þeim svarað skilmerkilega.

Fundarstjóri óskaði nú leyfis fundarins til þess að bera allar tillögurnar upp í einu lagi og var það samþykkt. Fundurinn samþykkti samhljóða í einu lagi allar tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.

6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Gerð var tillaga um að Gunnlaugur Arnórsson og Þorsteinn Egilsson núverandi skoðunarmenn sjóðsins yrðu endurkjörnir og var það samþykkt með lófataki.

7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Tillaga var borin upp um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt kr. 40.000.– á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varamanna kr. 20.000.– fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 40.000.– á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Var tillagan samþykkt.

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu kr. 10.000.– á mánuði, greidd eins og laun bankamanna og var hún samþykkt samhljóða.

Siguðru Thoroddsen afhenti fundarstjóra tillögu og óskaði að hún yrði borin upp við fundinn. Fundarstjóri kannaði tillöguna og komst að þeirri niðurstöðu að í henni fælist ekki skuldbinding fyrir stjórn sjóðsins yrði hún samþykkt heldur eingöngu áskorun til stjórnarinnar um að kanna ákveðið atriði. Var því borið undir fundinn hvort tillagan skyldi borin upp og var það samþykkt.

Sigurður gerði stuttlega grein fyrir tillögu sinni sem er svohljóðandi:

“Sjóðfélagafundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn fimmtudaginn 10. apríl 2003 á Hótel Loftleiðum samþykkir að fela stjórn sjóðsins að kanna úrræði, verði makalífeyrir í stigasjóði skv. 23. gr. miðaður almennt við 24 mánuði hámark, hvort þeim sjóðfélögum, sem fluttu áunnin réttindi árið 1997 yfir í stigasjóð, geti gefist kostur á að halda í gildandi ákvæði um ævilangan makalífeyrir, gegn því að margfeldisstuðull í 21. gr. verði lækkaður, að því er þá sjóðfélaga varðar, í þann margfeldisstuðul sem tryggingafræðileg úttekt telur hæfilegann.”

Tillagan var borin upp og hún samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki á dagskrá fundarins og fengu fundarstjóri og fundarritari umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins. Því næst var fundi slitið laust fyrir kl. 21:00. Fundarmenn voru tæplega 100 talsins.

Reykjavík 10. apríl 2003

Fundarstjóri:

Fundarritari: